

AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 4/2001 um skilafresti á árinu 2001 fyrir launaskýrslur o.fl.
skv. 92. gr. l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Skilafrestur eftirtalinna gagna vegna ársins 2000, hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 12. febrúar 2001:

1. Launamiðar (RSK 2.01) ásamt almennu launaframtali (RSK 1.05). Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, eftirlaun og aðrar starfstengdar greiðslur.
2. Greiðslumiðar vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
3. Hlutfjármiðar (RSK 2.045) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.04).
4. Stofnsjóðsmiðar (RSK 2.065) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.06).
5. Bifreiðahlunnindamiðar. (RSK 2.035).
6. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum, sbr. 9. gr. laga nr. 123/1993, um samninga um rekstrarleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.
7. Afurða- og innstæðumiðar (RSK 2.075) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.07).
8. Sjávarafurðamiðar (RSK 2.055) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.05).

II. Til 14. apríl 2001:

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðanda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.
2. Upplýsingar fjármálastofnana um kaup, sölu og umboðsviðskipti með hlutabréf (RSK 2.08).

III. Með skattframtali 2001, sbr. auglýsta framtalsfresti:

1. Greiðslumiðar (RSK 2.02) yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
2. Greiðslumiðar (RSK 2.025) yfir hvers konar greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 og ekki er gerð grein fyrir á skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknunir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.

Upplýsingum þessum skal ef unnt er skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvareandi eyðublöðum RSK.

Reykjavík, 8. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.